

Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 3. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

3. gr.

Aðildarfélög

Aðild að sambandinu:

Fimleikasamband Íslands er samband fimleikaráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eru öll félög íþróttahreyfingarinnar, er iðka, æfa og keppa í fimleikum aðilar að FSÍ í gegnum sambandsaðilana.

Verði

3. gr.

Aðildarfélög

Réttur til aðildar

Öll félög innan ÍSÍ sem hafa iðkun fimleika á sinni stefnuskrá, eru aðilar að FSÍ, sbr. 1. gr.

Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Öll aðildarfélög FSÍ hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum og viðburðum á vegum FSÍ, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og gildandi reglugerðum FSÍ.

Öll aðildarfélög FSÍ hafa rétt til þátttöku í fræðslukerfi FSÍ og á fræðsludegi FSÍ.

Aðildarfélögum ber skylda til að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem teknar eru af FSÍ, ÍSÍ og alþjóðasamböndum.

Félag sem tekur þátt í mótum og/eða viðburðum á vegum FSÍ ber að sjá til þess að allir þátttakendur; keppendur, sýnendur, þjálfarar, dómarmenn og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir FSÍ, FIG og EG.

Aðildarfélög skulu senda FSÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.

Aðildarfélög skuldbinda sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, búa iðkendum öruggt umhverfi án alls ofbeldis og stuðla að menningu virðingar og jafningjasamskipta.

Aðildarfélög skuldbinda sig til að vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis og/eða af öðrum ástæðum.

Aðildarfélög FSÍ skulu halda bókhald yfir starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur um bókhald.



Keppendur, sýnendur, iðkendur, þjálfarar og dómara skulu vera skráðir í samræmi við reglugerð FSÍ.

Aðildarfélag sem brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum og reglugerðum FSÍ.

Aðrar skyldur

Aðildarfélög, FSÍ, þátttakendur í móta- og/eða viðburðahaldi FSÍ og aðrir innan FSÍ skuldbinda sig til þátttöku í samræmi við ákvæði þessara laga, siðareglna og reglugerða FSÍ og í samræmi við lög og reglur FIG og EG. Ef ákvæði reglugerða FSÍ stangast á við eða ganga lengra en reglur FIG og EG, þá gilda reglugerðir FSÍ.

Greinargerð:

Gerð er tillaga um að sameina núverandi 3. gr. við 1. gr. laganna og er því um nýja 3. gr. að ræða.

Stjórn FSÍ telur rétt að skýra réttindi og skyldur aðildarfélaga sambandsins en slíkt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum. Við gerð greinarinnar var litið til laga annarra sérsambanda eftir því sem við á.

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____nefndar